

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi við Hjallabraut 55.

Í samræmi við skipulagslög samþykkti skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 9. ágúst 2011 breytingu á deiliskipulagi við Hjallabraut 55 í Hafnarfirði.

Breytingin felst í að lóðin er stækkuð um 294 m² til norðurs. Nýr 420 m² byggingarreitur fyrir barnaskóla Hjallastefnunnar verður á norðurhluta lóðar og nær yfir hluta núverandi bílastæða. Annar 160 m² byggingarreitur verður staðsettur á suðurhluta lóðar. Hús skulu vera á einni hæð með risi 6,5 m. Nýtingarhlutfall helst óbreytt.

Málsmeðferð var skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Gögn afhent Skipulagsstofnun til varðveislu.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, 10. ágúst 2011,

Anna Sofia Kristjánsdóttir arkitekt.

B-deild – Útgáfud.: 24. ágúst 2011